

**Ed.**

**180. Frumvarp til laga**

**[140. mál]**

um lántöku o. fl. vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurlflugvelli.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Vegna byggingar flugstöðvar og tengdra mannvirkja á Keflavíkurlflugvelli er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs heimilt:

1. Að taka lán að fjárhæð allt að 616 millj. kr. eða jafnvirði allt að 22 millj. Bandaríkjadala. Lánsfjárhæð vegna framkvæmda ár hvert skal ákveðin í lánsfjárlögum í samræmi við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.
2. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld, sérstakt tímabundið vörugjald og söluskatt af byggingarefni, vélum, tækjum og búnaði til framkvæmdanna. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða gjöld þessi af vinnuvélum sem notaðar verða við byggingarframkvæmdir samkvæmt þessum lögum. Við ákvörðun endurgreiðslu gjalda af vinnuvélum skal höfð hliðsjón af fyrningu vélanna vegna notkunar þeirra við byggingarframkvæmdirnar. Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd þessarar heimildar og getur þar m. a. kveðið á um fyrningar og fyrningarhlutföll vegna endurgreiðslu gjalda af vinnuvélum.

2. gr.

Utánríkisráðherra skal fara með yfirstjórn byggingar flugstöðvarinnar og tengdra mannvirkja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp það sem hér er lagt fyrir Alþingi er flutt í samræmi við samkomulag stjórnarflokkana frá 26. maí s. l. um myndun ríkisstjórnar, en í samkomulaginu er kveðið svo á að reist skuli flugstöð á Keflavíkurlflugvelli í samvinnu við Bandaríkjastjórn.

Fyrir Alþingi hafa tvívegis áður verið lögð fram frumvörp um flugstöð á Keflavíkurlflugvelli, auk þess sem ýmsar fyrri ríkisstjórnir hafa fjallað um nauðsyn þessa máls án þess að framkvæmdir hafi verið ákveðnar.

Í tengslum við endurskoðun varnarsamnings við Bandaríkin frá 5. maí 1951 var m. a. ákveðið að stefnt skyldi að aðskilnaði farþegaflugs frá starfsemi þeirri sem varnarliðið rekur á Keflavíkurlflugvelli samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins. Algjör forsenda slíks aðskilnaðar er bygging flugstöðvar á nýju svæði. Samkomulag náðist milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna um samvinnu um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurlflugvelli og var samningur þar að lútandi undirritaður hinn 5. júlí 1983.

Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin sjái um byggingu flugstöðvarinnar og er gert ráð fyrir að byggingu hennar verði lokið á árinu 1987. Heildarkostnaður við byggingu flugstöðvarinnar, þar með talda svæðislagnir, er áætlaður 42 milljónir Bandaríkjadala og munu Bandaríkin greiða 20 milljónir dala af þeirri upphæð. Hlutur Íslendinga, 22 milljónir dala, er háður samþykki Alþingis, en fyrirvari er um að áfangagreiðslur af hálfu Íslendinga verði ákveðnar í ljósi ríkjandi efnahagsástands á hverjum tíma á meðan á framkvæmdum stendur. Til þess að ljúka fyrsta gagnlega byggingaráfanga er þó samkomulag um að skipta greiðslum milli Íslendinga og Bandaríkjanna, allt að 20 millj. kr., til helminga. Á fjárlögum fyrir árið 1983 var aflað heimildar til að taka lán að fjárhæð

allt að 10 millj. kr. vegna flugstöðvarinnar. Hefur þegar verið tekið bráðabirgðalán að þeirri fjárhæð til greiðslu framlags Íslendinga vegna þessa áfanga, en samkomulag var um að framlag til byrjunarframkvæmda yrði fyrir hendi fyrir 1. október 1983. Jafnframt byggingu flugstöðvarinnar var samið um að Bandaríkin greiddu að öllu leyti þann kostnað sem leiðir af framkvæmdum við gerð flughlaða, ásamt lögnum, aðkeyrslubrauta og vega.

Samvinna um byggingu flugstöðvarinnar, sem verður íslensk eign, er að öðru leyti á því byggð að flugstöðin verði fyrst og fremst notuð til almenns flugrekstrar, en Bandaríkin hafi heimild til þess að nota hana á hættu- og ófriðartímum í samræmi við varnarsamninginn. Þegar hafin er almenn starfsemi í flugstöðinni er gert ráð fyrir að varnarliðið taki aftur við núverandi flugstöðvarbyggingu til afnota í sambandi við almenna starfsemi varnarliðsins.

Flugstöðvarbyggingin, þ. e. farþega-, þjónustu- og skrifstofurými, verður samtals 12 284 m<sup>2</sup>. Til samanburðar má geta þess að núverandi flugstöðvarbygging er um 7 000 m<sup>2</sup>. Um gerð flugstöðvarinnar hefur þegar verið fjallað á Alþingi bæði í ræðu og riti og skal hér látið nægja að vísa til skýrslu þar um sem lögð var fyrir Alþingi á árinu 1981.

Með frumvarpi þessu er leitað eftir nauðsynlegum heimildum til lántöku og niðurfellingar aðflutningsgjalda og söluskatts vegna framkvæmda við flugstöðvarbygginguna.

Jafnframt hafa dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra, samgönguráðherra og utanríkisráðherra skipað hver sinn fulltrúa til að fjalla sameiginlega og gera tillögur um fyrirkomulag á rekstri flugstöðvarinnar, þegar hún verður fullgerð og tekin í notkun.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Eins og vikið var að hér að framan er gert ráð fyrir að hlutur Íslands vegna kostnaðar við byggingu flugstöðvarinnar verði 22 millj. Bandaríkjadala á móti 20 millj. dala framlagi Bandaríkjanna. Vegna fyrsta áfanga verði greiddar 10 millj. kr. sem þegar hefur verið gerð grein fyrir. Greiðslur vegna seinni áfanga skiptast þannig að á árinu 1984 munu Bandaríkin greiða 67% af framkvæmdakostnaði en Ísland mun greiða 33%. Frá ársbyrjun 1985 verður greiðsluhlutfall Bandaríkjanna u. þ. b. 60% af byggingarkostnaði. Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur verið gert ráð fyrir því að hlutur Íslendinga verði fjármagnaður á byggingartímanum með lántökum erlendis. Árlegar lántökur eru áætlaðar sem hér segir: 295 þús. dala á árinu 1983, 2,9 millj. dala á árinu 1984, 4,5 millj. dala á árinu 1985, 9,5 millj. dala 1986 og 4,7 millj. dala á árinu 1987.

Lagt er til samkvæmt 1. tl. þessarar greinar að veitt verði heimild til þess að taka lán að fjárhæð allt að 22 millj. dala, en ákvörðun um lántökufjárhæð á hverju ári verði tekin með hliðsjón af fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hvers árs í samræmi við framvindu efnahagsmála og markmið ríkisstjórnarinnar í þeim efnum til lengri tíma. Lántökufjárhæð fyrir hvert ár verði að öðru leyti ákveðin í lánsfjárlögum.

Til þess að fjármagn til flugstöðvarinnar nýtist sem best og til að ljúka á tilskildum tíma við byggingu hennar og frágang þeirra mannvirkja sem henni tengjast hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita sér fyrir niðurfellingu aðflutningsgjalda og söluskatts af byggingarefni, vélum, tækjum og öðrum búnaði sem þarf til framkvæmdanna sem framundan eru. Er því lagt til að fjármálaráðherra verði heimilað að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af byggingarefni, vélum, tækjum og búnaði til flugstöðvarbyggingarinnar svo og af vinnuvélum sem notaðar verða við framkvæmdir á byggingarsvæðinu.

##### Um 2. gr.

Samkvæmt lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda fer fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun með yfirstjórn opinberra framkvæmda en Innkaupastofnun ríkisins með yfirstjórn verklegra framkvæmda. Fram til þessa hefur vinna við undirbúning og

hönnun flugstöðvarinnar verið í höndum utanríkisráðherra sem notið hefur aðstoðar byggingarnefndar sem séð hefur um framkvæmd þess verks. Nú þegar komið er að hinni verklegu framkvæmd þykir best henta að yfirstjórn byggingarframkvæmdanna verði jafnframt í höndum utanríkisráðherra. Er því lagt til að ótvíræð heimild verði tekin í lög þar að lútandi.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.